



GJALDSKRÁ **fyrir skólamáltíðir og heilsdagsskóla í Snæfellsbær**

Gildir frá 1. janúar 2025

1. gr.

Í grunnskólanum eiga nemendur kost á heitri máltíð í hádeginu fimm daga í viku, alla skóladaga skv. skóladagatali. Maturinn er eldaður í eldhúsi grunnskólans. Foreldrar skrá börn sín í áskrift í byrjun skólaárs.

2. gr.

Skólamáltíðir eru gjaldfrjálsar í Grunnskóla Snæfellsbæjar, þó þarf að skrá börn í fæði.

3. gr.

Skóladagvist, Skólabær, er í boði fyrir nemendur í 1. – 4. bekk á Hellissandi. Hann er starfræktur á skóladögum, samkvæmt skóladagatali frá því að skóla lýkur. Boðið er upp á gæslu til kl. 15:00 eða kl. 16:00. Á föstudögum er boðið upp á gæslu til kl. 15:00. Skóladagvist er ekki opin í vetrarfríum. Starfsemi hefst á skólasetningardegi og lýkur á skólaslitadegi.

4. gr.

Gjald fyrir hverja dvalarstund í skóladagvist er **kr. 370-** Gjald fyrir síðdegishressingu er **kr 180.-**

5.gr.

Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli. Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari í íþróttir eða tónlistartíma á dvalartíma. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda, nema þau vari lengur en eina viku samfelld.

6. gr.

Skráning í mat og skóladagvist er hjá skólaritara. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðarmót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. og 33.. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. desember 2024. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2025 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá grunnskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. ágúst 2024.

Snæfellsbær, 5. desember 2024

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri